

**Umsagnaraðili: Námsbraut í land- og ferðamálafræði, Háskóla Ísland**

**Dagsetning: 5. júní 2024**

**Þingmálsnúmer: Þingskjal 1505 – 1036. mál**

**Heiti máls: Tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030.**

Námsbraut í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands fagnar því að samkvæmt þingsályktunartillögu um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030 er stefnt að því að 1% af virðisauka í ferðaþjónustu renni til gagnaöflunar og rannsókna. Við fögnum einnig áherslu á sjálfbærni en ítrekum mikilvægi þess að sérfræðipækning í háskólum landsins á áhrifum ferðamennsku á mismunandi þætti sjálfbærni, sé nýtt í fleirum liðum aðgerðaáætlunarinnar. Við viljum jafnframt benda á nauðsyn þess að efla skilning á bæði samfélagslegum og umhverfislegum áhrifum ferðamennsku hér á landi til að unnt sé að ná þeim markmiðum sem sett eru fram.

*Athugasemdir við einstaka liði þingsályktunarinnar*

A.5. – Æskilegt er að nægilegt fjármagn fari í samkeppnissjóði/Rannís til að styðja við rannsóknir sérfræðinga og framhaldsnema í háskólum á Íslandi. Kostnaðarmat aðgerða í þessum lið er langt undir 1% af virðisauka í greininni. Í ljósi þess að framlag til rannsókna á ferðámálum hefur verið af skörnum skammti undanfarin ár hvetjum við til þess að þetta framlag verði hækkað umtalsvert sem fyrst.

A.6. - Afar mikilvægt er að gera markáætlun sem miðar að styrkingu rannsókna á sviði ferðamála á háskólastigi til að uppbygging þekkingar og þjálfun rannsakenda haldi í við vöxt greinarinnar. Innviðir þekkingar, sem þessi liður snýr að, er grundvöllur þess að markmið um að Ísland verði leiðandi í sjálfbærri þróun ferðaþjónustu árið 2030 náist.

A.9. og A.10. - Það er eftirtektarvert að ýmis atriði í aðgerðaáætluninni eru nokkuð sértæk. Þar má t.d. nefna A.9. Öflun gagna um ráðstefnu- og hvataferðaþjónustu og A.10, Rannsókn- og gagnaáætlun fyrir menningarferðaþjónustu. Þetta eru mikilvæg verkefni. Hins vegar er æskilegt að vinna að því að þjappa saman og byggja upp sterkari stofnanaumgjörð að hagnýtum rannsóknum á sviði ferðamála. Með því móti næst meiri samlegð og samfella í skipulagi og framkvæmd rannsókna, uppbyggingar þekkingar og hagnýtingu gagna ferðaþjónustu, þekkingarsamfélaginu og ferðaþjónustunni til hagsbóta. Ef ætlunin er að bjóða út einstök verkefni eða einstaka liði aðgerðaáætlunarinnar er hætta á að þekkingaröflun dreifist um of og niðurstöður rati síður til allra sem þurfa á þeim að halda. Þetta á ekki síst við ef hugsað er til lengri tíma.

A.11. – Í Háskóli Íslands er mikil reynsla og þekking á þessu sviði, sem að nýst getur til að ná markmiðum verkefnisins. Þar er boðið upp á sérhæft nám í menningartengdri ferðaþjónustu og á undanförunum árum hefur verið unnið að mörgum rannsóknum sem nýtast geta beint og óbeint við þróun og framgang menningarferðaþjónustu á Íslandi. Rannsóknir í ferðamálafræði hafa meðal annars fjallað um:

- Áhrif og mikilvægi menningararfs í ferðaþjónustu.
- Nýtingu nýjustu tækni við miðlun menningararfs.
- Stafrænni miðlun sem verkfæri til að bæta upplifun ferðamanna.
- Áhrif stafrænnar miðlunar á varðveislu og kynningu menningararfs,

Þátttaka Háskóla Íslands í þessu samstarfsverkefni myndi tryggja að nýjustu rannsóknarniðurstöður og þekking á sviði menningararfs og ferðaþjónustu yrðu nýttar á sem bestan hátt. Þegar hefur verið sýnt fram á árangur í því að innleiða nýjar lausnir og aðferðir í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í ferðaþjónustu og á sviði menningararfs.

Til að tryggja að markmið verkefnisins náist sem best, leggjum við til að Háskóli Íslands verði formlega tilnefndur sem einn af samstarfsaðilum. Með því yrði stuðlað að aukinni fagmennsku, menntun og rannsóknum á sviði menningarferðaþjónustu og stafrænnar miðlunar menningararfs.

*C.1.* - Mikilvægt er að fræðasamfélagið hafi beina aðild að þessum starfshópi til þess að tryggja að stuðst verði við nýjustu rannsóknir og þekkingu á þessu sviði.

*C.4.* – Þar sem talað er um aðbúnað starfsfólks í þessum lið teljum við mikilvægt að ASÍ komi að þeirri vinnu sem að fyrirhuguð er við að skýra ábyrgð umsjónaraðila áfangastaða.

*D.1.* – Forsenda þess að þróa verkfærakistu sem þessa er aukinn skilningur og gagnrýnin sjónarhorn á þolmarkahugtakið sem rannsakendur háskóla geta veitt. Minna má á að Jafnvægisás ferðaþjónustunnar var þróaður fyrir nokkrum árum með ærnum kostnaði sem gengur í höfuðatriðum út á að mæla þolmörk ferðaþjónustunnar.

*D.2.* – Orðalag í „Stutt lýsing“ er óskýrt. Ekki er ljóst hvað átt er við í setningunni „Stutt verði við gerð þolmarka greininga og hagnýtingu þeirra með skilgreiningu viðmiða um þolmörk, byggt á stefnu hvers staðar með tilliti til ferðamennsku.“ Þolmarkahugtakið er flókið og því mikilvægt að nýtt sé sú þekking og alþjóðlegt samstarf sem háskólasamfélagið býr yfir.

*D.4.* – Verið er að framkvæma innlendar og alþjóðlegar rannsóknir á þessu sviði með aðkomu fræðafólks á sviði ferðamála hér á landi, sem nauðsynlegt er að hagnýta við gerð fræðsluefnis á þessu sviði.

*D.5.* – Til að ná markmiðum um sjálfbærni og auka öryggi ferðamanna er fjölgun menntaðra landvarða grundvallaratriði. Setja þarf mun meira fjármagn í þennan lið.

*E.2.* Mikil vinna hefur þegar verið unnin á þessu sviði í samstarfi Háskólans á Hólum, Háskóla Íslands, Hæfniseturs ferðaþjónustunnar og Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Unnin hefur verið ítarleg þarfagreining og skipulag fagháskólanáms í ferðamálafræðum. Þau gögn eru til staðar. Hins vegar hefur skort vilja eða getu hjá yfirvöldum til að setja þetta nám af stað.

Auk þess er nú tilbúin námsskrá fyrir diplómanám á ensku í ferðamálafræðum fyrir erlenda starfsmenn í ferðaþjónustu. Mikil og vönduð undirbúningsvinna hefur þegar átt sér stað í samvinnu margra aðila innan ferðaþjónustunnar og menntageirans. Það er því brýnt að stjórnvöld nýti þau gögn og niðurstöður sem þegar liggja fyrir, til að hrinda í framkvæmd þeirri áætlun sem sett er fram í tillögu E.2. Með því að gera það er stuðlað að aukinni fagmennsku, gæðum og samkeppnishæfni í íslenskri ferðaþjónustu, auk þess að vinna að markmiðum um inngildinguna erlends starfsfólks í ferðaþjónustu.